

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. Biðskylda á Arngrímsgötu á mótum Guðbrandsgötu og á mótum Arngrímsgötu og Brynjólfsgötu.
Ákvörðun þessi tekur gildi 1. mars 1997.
2. Hægri beygja verði bönnuð úr Pósthússtræti í Hafnarstræti, nema fyrir leigubíla.
Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.
3. Langirimi verði lokaður við hús nr. 21, nema fyrir SVR, lögreglu, sjúkra- og slökkvilið.
Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 14. febrúar 1997.

Böðvar Bragason,

e.u.

Sturla Þórðarson.

Nr. 134

17. febrúar 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 27, 27. janúar 1997, um úthlutun veiðiheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg.

1. gr.

3. málslíður 5. gr. orðist svo: Verðmætastuðull fyrir úthafskarfa skal í þessu sambandi vera 67% af verðmætastuðli þess karfa, sem úthlutað er með stoð í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Í stað „18. febrúar“ í 2. málslíð 6. gr. komi: 25. febrúar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 17. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. febrúar 1997.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.